



FUNDARGERÐ

283. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi 1, Fellabæ
fimmtudaginn 10. september 2020 kl. 15:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Skúli Björnsson, Björg Björnsdóttir, Benedikt Hlíðar Stefánsson varamaður og Aðalsteinn Þórhallsson framkvæmdastjóri. Af aðalmönnum var fjarverandi Gunnhildur Ingvarsdóttir. Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.

Fjóla Sigurðardóttir, Magnús Jónsson endurskoðandi og Björn Ingimarsson bæjarstjóri sátu fundinn undir lið 3.

Dagskrá:

1. Covid-19.
2. Heimsóknir HEF til Djúpavogs, Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar Eystri – samantekt.
3. Útfærsla yfirfærslu veitna til HEF í sameinuðu sveitarfélagi.
4. Fljótsdalshérað ljóstengt.
 - a. Fornleifaskráning – staðan
 - b. Verkefnisstjóri
 - c. Deilihönnuður
5. Fjármál.
 - a. Staða áætlunar, 6 mán.
6. Mál fyrrum framkvæmdastjóra.
7. SE fasteignir.
8. Yfirlit verkefna (til umræðu hve mikið af þessu verður bókað).
 - a. Útrás í Lagarfljót
 - b. Tjarnarbraut – regnvatn
 - c. Selás – endurnýjun
 - d. Hafrafell
 - e. Fráveita Djúpavogi
 - f. Gönguleiðir VÖK / Valgerðarstaðir
 - g. Kynning Verkís – Umhverfi, landslag, skipulag
9. Önnur mál.
 - a. Austurljós – samningur
 - b. Púttvöllur í Kvenfélagsgarði

1. Covid-19

Engin röskun hefur verið hjá starfsfólki eða á starfsemi. Allir halda vöku sinni, áfram áhersla á þrif og sóttthreinsun sameiginlegra snertiflata á skrifstofu. Tveir starfsmenn hafa farið í skimun með flensueinkenni – báðir neikvæðir.

2. Heimsóknir HEF til Djúpavogs, Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar eystri - samantekt

Í vinnslu.

3. Útfærsla yfirlýsingar veitna til HEF í sameinuðu sveitarfélagi

Magnús Jónsson, KPMG og Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs og formaður framkvæmdanefndar um sameiningu sveitarfélaganna kynntu hugmyndir nefndarinnar um tilhögun á yfirlýsingar veitna sveitarfélaganna við sjóinn til HEF. Góðar umræður um þá valkosti sem í boði eru. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að eftir standi sterkt og öflugt veitufyrirtæki í sameinuðu sveitarfélagi.

4. Fljótsdalshérað ljóstengt

a. Fornleifaskráning - staðan

Fornleifaskráning fyrir Eiðabínghá er komin til Minjastofnunar til umsagnar og afgreiðslu. Skriðdalur og Efri Jökuldalur hafa tafist. Fornleifafræðingur lofar að flýta og afgreiða eins og nokkur kostur er.

b. Verkefnisstjóri ljósleiðara

Verkráð, verkfræðistofa átti hagstæðasta boð í tímagjald. Bogi Kárason hefur tekið verkefnið að sér í nafni Verkráðs. Samningur í vinnslu.

c. Deilihönnuður ljósleiðara

Verð barst í gær frá þremur ráðgjöfum í deilihönnun ljósleiðarakerfis í dreifbýli sveitarfélagsins. Framkvæmdastjóri hefur hafið viðræður við lægstbjóðanda og hittir hann á fundi 11. september nk. Markmið er að klára hönnun leiðara og útboðsgögn fyrir Eiðabínghá í lok september, með það fyrir augum að framkvæmdir þar geti hafist sem fyrst. Sömu gögn eiga að liggja fyrir í byrjun október fyrir Skriðdal og Efri Jökuldal. Framvinda nú ræðst að allnokkru leyti af afgreiðsluhraða Minjastofnunar (sjá lið 4a).

5. Fjármál

a. Staða áætlunar, 6 mán.

Lítillaga uppfærð áætlun kynnt. Framkvæmdastjóra falið að setja vinnu við 9 mánaða uppgjör í forgang, vegna yfirvofandi sameiningar sveitarfélaga.

6. Mál fyrrum framkvæmdastjóra

Í vinnslu.

7. SE fasteignir

HEF hefur borist bréf frá Lagahvoli, lögmanni SE fasteigna þar sem ýmis mál tengd lögnum og lóðamálum hjá Herði í landi Ekkjufellssels. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara bréfinu í samræmi við umræður á fundinum.

8. Yfirlit verkefna

a. Útrás í Lagarfljót

Verkinu er lokið og uppgjör að klárast.

b. Tjarnarbraut – regnvatn

Verki lokið. Skilafundur hefur frestast.

c. Selás – endurnýjun

Fundargerð kynningarfundar liggur fyrir og er aðgengileg íbúum sem þess óska. Framkvæmdir eru hafnar.

d. Hafrafell

Von er á borunarverktaka á næstunni en honum er ætlað að bora undir vegi. Þá er tengivinnu við kyndistöð ólokið.

e. Fráveita Djúpavogi

Framkvæmdastjóri sat fund með fulltrúum Djúpavogshrepps um fráveitulögn frá Hótel Framtíð. HEF mun vinna tímalína fyrir verkefnið.

f. Gönguleið VÖK/Valgerðarstaðir

Sagt frá framvindu verkefnisins og rætt um mögulega aðkomu HEF.

g. Kynning Verkís – Umhverfi, landslag, skipulag

Framkvæmdastjóri tók á móti sendinefnd frá Verkís, verkfræðistofu, sem kynntu þjónustu sína á sviði umhverfis og skipulags.

9. Önnur mál

a. Austurljós - samningur

Fulltrúar HEF hafa fundað með eigendum Austurljóss um uppfærslu samnings og viðauka. Í vinnslu.

b. Púttvöllur í Kvenfélagsgarði (Skjólgarði)

HEF hefur borist ósk frá Félagi eldri bogara á Héraði um þátttöku í kostnaði við endurgerð púttvallar í Kvenfélagsgarði. Við framkvæmdir HEF sl. vetur barst jarðvegur yfir hluta vallarins úr skurðgreftri þegar rof kom í kaldavatnslögn. Stjórn samþykkir beiðnina og felur framkvæmdastjóra uppgjör.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 18:30.

Fundargerð ritaði Björg Björnsdóttir

Fundargerð staðfest, _____ 2020

_____	_____
_____	_____
_____	_____